

Nd.

537. Breytingartillögur

[259. mál]

við frv. til laga um skattkerfisbreytingu.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen og Ásberg Sigurðssyni.

1. Fyrsti liður 4. gr. orðist svo:

Tekjuskattur þeirra manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skal reiknast svo:

Af fyrstu 150 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20%, af 150 000—300 000 kr. tekjum greiðist 30%, en af tekjum yfir 300 000 kr. greiðist 40%.

2. Í stað „5% — fimm af hundraði“ í 8. gr. komi: 3% — þrjú af hundraði.

3. 18. gr. orðist svo:

Ákvæði til bráðabirgða (sbr. l. nr. 101/1973) orðist svo:

Frá 1. apríl 1974 og til loka ársins 1974 skal fjárhæð almenns launaskatts samkvæmt 1. gr. nema 2½% og rennur ½% í rikissjóð. Ákvæði 10. gr. laga þessara eiga einungis við um hluta Byggingarsjóðs af innheimtum launaskatti.